

Mánudaginn 22. maímán.

Nr. 4/1882 Metta Egilsdóttir  
gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni

Dómur:

Með stefnu, dagsættri 18. febrúarmán. þ. á. hefur Metta Egilsdóttir áfrýjað til yfirdómsins varðhaldsúrskurði, sem upp var kveðinn yfir henni á þingi, er haldið var í þinghúsi Reykjavíkur kaupstaðar 6. s. m. af Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, og krafizt, að greindur úrskurður, sem hljóðar þannig:

„Með því að framburður Mettu Egilsdóttur kemur í bága, ekki aðeins við framburð Sigurbórs, en einnig við önnur mikilsvarðandi atriði, sem annars hafa komið fram í málinu, og með því að það virðist nauðsynlegt undir ýtarlegri rannsókn málsins að halda henni sjer í varðhaldi.

úrskurðast:

„Mettu Egilsdóttur ber að setja í fangelsi“ og aðrar gjörðir Jóns ritara Jónssonar í rannsókninni útaf dauðdaga Kristmanns Jónssonar verði dæmt ómerkt og úrskurðurinn úr gildi numinn, honum sjálfum hegnt eptir laganna strangleika (127. 128. eða 129. gr. hegningarlaganna), og hann þessutan dæmdur til að greiða Mettu Egilsdóttir 2300 kr. skaðabætur og allan af þessu máli löglega leiðandi kostnað. Jón landshöfðingjaritari Jónsson, sem stefnt hefur verið í málinu, hefur á hinn bóginn krafizt, að hinn áfrýjaði úrskurður og önnur meðferð á máli því, er hjer liggur fyrir, verði staðfest, og að

áfryjandinn verði dæmdur til að greiða honum allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Þess skal fyrst getið, að af skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram í yfirdóminum í máli þessu, sjest, að ekki hefur próf það, sem hinn stefndi, landshöfðingjaritari Jón Jónsson, kveðst hafa haldið yfir áfryjanda áður en ofan um getinn varðhaldsúrskurður var kveðinn upp, verið lagt fram í yfirdóminum; hefur hinn stefndi skotið því til yfirdómsins, hvort ástæða mundi vera til að vísa málinu frá sökum þessa. Yfirdómurinn skal í þessu tilliti taka fram, að að því kemur til spurningarinnar um gildi sjálfs úrskurðarins, þá er hvorttveggja, að hinn stefndi hefur ekki krafizt, að málinu fyrir þá sök verði vísað frá, enda virðist framlegging prófsins, eptir því sem á stendur í þessu máli, ekki nauðsynlegt skilyrði fyrir, að yfirdómurinn geti kynnt sjer málavöxtu þannig, að dómur verði að svo miklu leyti kveðinn upp í málinu, og álitur yfirdómurinn því ekki ástæðu til fyrir þá sök að vísa málinu, að því nefnda spurningu snertir, frá ex officio.

Að því á hinn bóginn kemur til skaðabótakröfu áfryjanda, þá hljóta úrslit málsins að því leyti að vera komin undir því, hvort löglegt hafi verið að hneppa áfryjanda í varðhald; en til þess að dæmt verði um það, virðist nauðsynlegt að prófa það, sem gengið hefur næst á undan varðhaldsúrskurðinum, sje lagt fram og það því fremur, sem hinn stefndi hefur haldið því fram, að áfryjandinn hafi, áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, verið grunuð

um meinsæri og manndráp. Það virðist því eiga að vísa skaðabótakröfunni frá dómi.

Skjöl málsins bera með sjer, að 7. ágústmán. í sumar, er leið, fannst Kristmann nokkur Jónsson er átti heima í Reykjavík, dauður skammt frá Kolviðarhóli í Árnessýslu; hóf bæjarfógetinn í Reykjavík þá rannsókn út af þessum atburði, og þegar rannsókninni var lokið af hans hendi, ritaði amtmaðurinn í suðuramtinu landshöfðingja, og jafnframt og hann gat þess, að hann gæti vel ímyndað sjer, „að öðrum rannsóknardómara“ kynni að takast að uppgötva það, sem bæjarfógetanum ekki hafði heppnast að uppgötva, fór hann þess á leit—án þess þó að bæjarfógetinn, svo sjeð verði, gæfi tilefni til þess—að skipaðar yrði „setudómari“ til að halda áfram rannsóknunum um mál þetta, og að Jón landshöfðingjaritari Jónsson yrði skipaður til að framkvæma þetta starf. Landshöfðinginn fól síðan amtmanni að skipa nefndan landshöfðingjaritara til þess að rannsaka ýtarlegar þau atriði í tjeðu máli, sem enn kynnu að þykja óljós, og samkvæmt þessu umboði löggilti amtmaður opt nefndan landshöfðingjaritara 4. f. m. til þess „að halda rjettarrannsóknir“ í hinu umrædda máli og tilkynnti jafnframt bæjarfógetanum í Reykjavík þessa ráðstöfun og skoraði á hann að láta landshöfðingjaritaranum í tje þá aðstoð, sem nauðsynleg kynni að vera, að því leyti þessar rannsóknir færu fram í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Hinn stefndi hefur nú álitid, að sjer með þessari löggilding amtsins væri veitt sama vald, sem reglulegir rannsóknardómarar hafa, til að sitja í dómarsæti og kveða

upp úrskurði, og yfirdómurinn verður að sínu leyti að vera á því máli, að það hafi verið tilætlunin með löggildingunni að veita honum slíkt vald, eins og löggildingin einnig ber með sjer, að umboð hins löggilta rannsóknara ekki átti að vera bundið við neitt einstakt lögsagnarumdæmi.—Það er þannig auðsætt, að tilgangurinn með opt nefndri löggilding amtsins hefur verið sú, að skipa sjerstakan dómstól, „Commissarius“, til þess að rannsaka umrætt mál, en með því að slík ráðstöfun að eins verður gjörð með konunglegri umboðsskrá, verður yfirdómurinn að aðhyllast þá skoðun áfrýjandans, að landshöfðingja og amtman hafi skort vald til að skipa hinn stefnda til rannsóknardómara (Commissarius) í þessu máli, og að hinn stefndi því ekki hafi haft næga heimild til að sitja í dómarasæti og kveða upp úrskurð þann, sem hjer er áfrýjað og þarf því ekki að rannsaka, hvort tjeður úrskurður að öðru leyti hafi verið á rökum byggður.—Ber því að dæma hinn áfrýjaða úrskurð ómerkan.

Eptir atvikum virðist hinn stefndi eiga að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Þvi dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði varðhaldsúrskurður á að vera ómerkur. Að öðru leyti vísast málinu frá.

Hinum stefnda, Jóni landshöfðingjaritara Jóns-syni, ber að greiða áfrýjandanum, Mettu Egils-dóttur, í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Ídæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa undir aðför að lögum.